



# Alþjóðlega barnahjálpin Ársskýrsla 2009

Kæru velunnarar,

Takk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða. Það er með hjálp ykkar sem börnin í Kongó og Rúmeníu vaxa og þroskast. Á forsíðunni er smá kveðja frá börnunum í Kongó til ykkar ritaðar á skólatöflu í barnaskólanum—Merci ICC Iceland eða Takk fyrir Alþjóðlega barnahjálpin á Íslandi.

Stuðningur ykkar skiptir svo sannarlega máli!

Hlökkum til samstarfsins á árinu 2010.

Stjórn Alþjóðlegu barnahjálparinnar,  
Sigurborg Ólafsdóttir, Sigurbjörg Kristín Sigurðardóttir, Sóley Jónsdóttir og Þóra Lilja Sigurðardóttir.

## Efnisyfirlit

### Bls.

#### **4-7. Starf Íslandsdeildar ICC 2009**

- 4. Styrktar- og þorpsforeldraverkefni
- 4. Styrktartónleikar
- 4. Sala (sumarmót, jólasala, Ullmax)
- 5. Flöskusöfnun
- 5. Leggjum góðu málefni lið og frjálsar gjafir
- 5. Fjölskylduhátíð
- 6. Markmið fyrir 2009
- 6. Markmið fyrir 2010
- 6. Þakkir

#### **7-9. Starf ICC á heimsvísu**

- 8. Ágrip af starfi barnþorpsins í Kongó 2009
- 9. Ágrip af starfi barnþorpsins í Rúmeníu 2009

#### **10. Ársskýrsla 2009**

# 1. Starf Íslandsdeildar ICC 2009

Þessi skýrsla er í senn annáll og ársskýrsla félagsins fyrir árið 2009. Tíunduð verða helstu verkefni félagsins, markmið ársins 2010 kynnt, gangur mála í barnaþorpunum í Rúmeníu og Kongó rakinn og loks fjárhagslegt ársyfirlit félagsins kynnt.

## 1.1. Styrktar- og þorpsforeldrar

Á þessu ári bættust 6 styrktarforeldrar við, auk 2 þorpsforeldra. Við stefnum að meiri fjölgun á næsta ári enda er þörfin fyrir styrktarforeldra í Kongó jafnvel meiri en áður. Nokkrir styrktarforeldra hækkðu mánaðarlegt framlag sitt. Alls komu 545.000 kr. inn vegna styrktar- og þorpsforeldraverkefna á árinu eða 47% af tekjum starfsins.

## 1.2. Styrktartónleikar

Þann 21. maí 2009 voru árlegir styrktartónleikar Alþjóðlegu barnahjálparinnar haldnir. Í þetta sinn ákváðum við að fara til Selfoss og fengum þar góðar móttökur. Tónleikarnir voru haldnir í Selfosskirkju. Við fengum frábært tónlistarfólk í lið með okkur: Davíð Ólafsson, Garðar Thor Cortes, systkinin Gísla og Kristjönu Stefánsbörn, Hlín Pétursdóttir Behren, Stefán Stefánsson og Jórúkorinn frá Selfossi. Auk undirleikaranna Esterar Ólafsdóttur og Helga Más Halldórssonar. Tónleikarnir voru einstaklega vel heppnaðir.

Ágóðinn af sölu miðanna, 141.050 kr., rann til til barnaþorpsins í Kongó til kaupa á matvælum og öðrum nauðsynjum. Einu útgjöldin við tónleikana voru fáeinar krónur vegna færslna í posa, sem Valitor lánaði okkur annars frítt til afnota og leiga á kirkjunni á Selfossi sem var 10.000 kr. Þetta var mögulegt því að tónlistarfólkið gaf alla sína vinnu. Þökkum við þeim kærlega fyrir framlag sitt. Jafnframt þökkum við tónleikagestum fyrir framlag sitt til þessa brýna málefnis.

## 1.3. Sala

Alls seldum við vörur, gjafabréf og jólakort fyrir 277.400 kr.

### 1.3.1. Sumarmót

Við fengum leyfi til að vera með sölu á varning og bókum til styrktar starfi okkar á sumarmóti Kirkju sjöunda dags aðventista. Vorum við þar með á boðstólnum handunna smámuni sem sjálfboðaliði hafði keypt í Tælandi, skammt frá einu barnaþorpa ICC. Þá höfðum við til sölu handmálað postulín frá Rúmeníu sem félagið fékk til að selja til styrktar starfseminni. Þar að auki höfðum við á boðstólnum 2 bækur sem annars vegar fjalla um upphaf ICC og hins vegar um dreng sem ólst upp í barnaþorpi ICC í Guatemala eftir að hafa verið ásamt fjölskyldu sinni í skæruliðaflokki þar í landi frá unga aldri. Skemmst er frá því að segja að okkur var vel tekið og seldust allar bækurnar og munirnir frá Tælandi, auk þess sem nokkrar postulíns-skálar seldust.

### 1.3.2. Jólasala

Einn af sjálfboðaliðum félagsins gaf okkur í nóvember mánuði kassa af nýútkominni barnabók til að selja fyrir starfið. Því fórum við í það að selja bækur og jólakort sem við

fengum gefins frá sama aðila og ásamt fleiri jólakortum sem við fengum gefins frá Aðventkirkjunni í Hafnarfirði. Við hófum því að selja þessar vörur í nóvember og fengum svo í desember mánuði tjald í jólaþorpinu í Reykjavík auk þess sem við heimsóttum einnig jólaþorpið í Hafnarfirði og vorum þar í þrjú skipti. Í jólaþorpunum vorum við líka með eina af þrautunum sem við notuðum á fjölskylduhátíðinni og nýttum þau verðlaun sem ekki gengu út þá.

### **1.3.3. Samstarf við Ullmax**

Í lok árs hófum við samstarf við Ullmax á Íslandi. Ullmax er norskur framleiðandi sem framleiðir hágæða ullar- og útivistarvörur og selur á góðu verði. Hugmyndin á bak við þessar vörur er að í hvert skipti sem þær eru keyptar leggi kaupandinn einhverju góðu málefni lið. Áætluð er að halda sérstakar Ullmax sölur tvisvar á ári. Fyrsta slíka salan fór fram í anddyri Loftsalesins, Hólshrauni 3 í Hafnarfirði þann 16. desember og fékk starfið 25% af hverri seldri flík. Hægt er að skoða þessar góðu vörur nánar á netsíðunni ullmax.is en þar er einnig hægt að versla sér vörur og hvetjum við ykkur til að láta Alþjóðlegu barnahjálpinu njóta góðs af því með því velja okkur sem styrktaraðila.

### **1.4. Flöskusöfnun**

Á árinu ákváðum við að hafa söfnunardaga á flöskum tvisvar á ári. Fyrsti söfnunardagurinn var 27. september. Fyrir þá sem vilja styrkja málefni okkar frekar með þessu móti, bendum við á að næsti „flöskudagur“ verður 9. maí 2010. Það væri gaman ef að fjölskyldur tækju sig saman um það að styrkja starf okkar með þessum hætti. Alls söfnuðust 9.612 kr. vegna flöskusöfnunar á árinu.

### **1.5. Leggja góðu málefni lið og frjálssar gjafir**

Árið 2007 skrifuðum við undir samstarfssamning við Landsbankann. Í þeim samningi felst að Alþjóðlega barnahjálpin er eitt af þeim félagasamtökum sem birtast sem möguleiki í Einkabankanum, netbanka Landsbankans, ef viðskiptavinir bankans vilja gefa fjárframlög til góðgerðarstarfsemi. Verkefnið heitir Leggðu góðu málefni lið. Alls voru 87.200 kr. lagðar inn á reikning félagsins vegna þessa verkefnis sem og frjálssar gjafir.

### **1.6. Fjölskylduhátíð**

Fyrsta fjölskylduhátíð Alþjóðlegu barnahjálparinnar var haldin í Hlíðardalsskóla í Ölfusi 18. október. Þar var boðið upp á skemmtilegar kastþrautir, hoppukastala, myndatöku í furðufötum, andlitsmálun, mælingar á hreysti, nudd, vöflur og fleira. Þá marseruðu viðstaddir við harmonikkundirspil og boðið var upp á kennslu í línudansi. Hátíðin fór í alla staði vel fram og viðstaddir voru ánægðir með að hafa lagt leið sína á hátíðina og fóru margir frá hátíðinni klyfjaðir verðlaunum og happadrættisvinningum. Þökkum við þeim fjölmörgu einstaklingum og fyrirtækjum sem hjálpuðu okkur við að gera þessa hátíð að veruleika fyrir aðstoðina.

Sérstakar þakkir fá sjálfboðaliðarnir okkar sem stóðu sig eins og hetjur við uppsetningu, framkvæmd og tiltekt eftir hátíðina. Það er ljóst að með slíkan hóp góðs fólks getum við hæglega tekið á móti fleiri gestum á næstu fjölskylduhátíð.

Ágóðinn af hátíðinni var 67.777 kr. en útlagður kostnaður var 24.886 kr.

## 1.7. Markmiðin fyrir 2009

Í ársbyrjun lögðum við upp með þau markmið að halda styrktartónleika á Selfossi sem gekk eftir. Við vildum líka bæta sýnileika okkar í samfélaginu og við gerðum það með því að halda fyrstu fjölskylduhátíð félagsins sem auglýst var víða, ásamt því að vera með sölubás í jólaþorpinu í Reykjavík og Hafnarfirði og halda sérstaka jólasölu á vörum Ullmax sem auglýst var vel. Við vildum líka bæta heimasíðuna okkar og nýta betur þá möguleika sem netið hefur upp á að bjóða. Þetta gerðum við og má þá sérstaklega nefna að á árinu hófst útgáfa netfréttablaðs og þá nýttum við okkur möguleika samskiptabókarinnar Facebook þar sem Alþjóðalega barnahjálpin á Íslandi á sér nú fjölda aðdáenda.

## 1.8. Framtíðin

Stjórn Alþjóðlegu barnahjálparinnar samþykkti að reyna að ná eftirfarandi markmiðum árið 2010:

- Efla styrktar- og þorpsforeldraverkefni
- Auk sýnileika félagsins í samfélaginu
- Fá fleiri einstaklinga á póstlista félagsins, þannig að áhugafólk um ICC fái netfréttir okkar
- Halda styrktartónleika fyrri hluta ársins
- Fara í sjálfboðaliðaferð til Rúmeníu í maí
- Halda fjölskylduhátíð í ágúst í Hafnarfirði
- Hafa söfnunardaga fyrir flöskur 9. maí og 5. september
- Halda tvær Ullmax sölu

## 1.9. Þakkir

Við þökkum samstarfið við eftirtalda aðila:

- Kirkju sjöunda dags aðventista fyrir leyfi til að vera með sölu á sumarmóti þeirra, útlán á sal og gefa okkur jólakort og myndir til sölu.
- Jólaþorpinu í Hafnarfirði og Reykjavík
- Selfosskirkju fyrir útlán á kirkjunni fyrir styrktartónleikana.
- Valitor fyrir lán og útleigu á posum.
- Ullmax fyrir prósentu af sölu á fatnaði.
- Landsbankanum fyrir samstarf í gegnum verkefnið „Leggjum góðu málefni lið“.

### **Sérstakar þakkir fyrir aðstoð við að gera fjölskylduhátíðina að veruleika**

Til allra sjálfboðaliðanna sem gerðu þetta mögulegt og eftirfarandi fyrirtækja: Bankar á Selfossi (Íslandsbanki, Landsbankinn, Arion banki, Sparisjóðurinn), Europris, Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn, Góa ehf., Hafnarfjarðarbær, Hrói höttur, Iðnmark, Ísfell, Katla, Kólus ehf., Krakkakastalinn, Lyfja, Skemmtigarðurinn, Sundlaugin í Hveragerði og Vífilfell.

**Að lokum viljum við þakka öllum þeim góðu einstaklingum sem hafa komið að starfi félagsins í ár, styrktarforeldrum og öðru velgjörðarfólki. Takk fyrir að bjóða munaðarlausum og yfirgefnum börnum betra líf.**

## 2. Starf ICC á heimsvísu

Alþjóðlega barnahjálpin á Íslandi styrkir sérstaklega barnaþorp ICC í Kongó og Rúmeníu. Á bls. 8-9 gefur að líta smá ársyfirlit frá 2009. ICC, á heimsvísu rekur 16 önnur barnaþorp og verkefni um allan heim. Hér eru nokkrar svipmyndir og skemmtilegar upplýsingar um starfsemi ICC á heimsgrundvelli árið 2009.

*Dóminíska Lýðveldið: Á árinu útskrifuðust 4 börn sem alist hafa upp hjá ICC úr háskóla og 4 giftu sig! Mikil ánægja þar á bæ.*

*Nígaragúa: Nýtt barnaþorp var formlega opnað 2009 en börnin höfðu áður búið í bráðabirgðar- húsum. Þar búa nú 28 börn.*

*Indland: ICC hefur í sinni umsjá 71 barn á Indlandi. Krakkarnir og fósturforeldrar þeirra leggja mikið á sig til að halda barnaþorpinu þrifalegu og fallegu. Mikill metnaður er líka lagður í garðrækt, þar sem fósturfeðurnir ásamt börnunum afla matar fyrir barnaþorpið.*

*Myanmar: ICC hugsar um tæplega 50 börn í flóttamannabúðum á landamærum Myanmar. Framtíð þessara barna er mjög óljós.*

*Gvatemala: Loka þurfti móttökustöð ICC í höfuðborginni vegna fjárskorts. Börnin þaðan fóru 6 í barnaþorp ICC í Gvatemala en 3 fóru annað. Í barnaþorpinu búa nú 102 börn. 14 þeirra útskrifuðust á árinu úr gagnfræðaskóla sem er á lóð barnaþorpsins.*

*Tæland: Krakkarnir í Tælandi elska að synda og veiða hornsíli í nálægum læk. Í þorpinu eru 5 fjölskyldur.*

# ICC í Kongó 2009

## Í Kongó eru 167 börn

Eitt barnanna úr barnþorpinu í Kongó er nú komið í háskóla. Tvö ungmenni úr barnþorpinu stunda líka starfsnám í Aðventuháskólanum í Lukanga. Búið er að ljúka við að byggja kirkju í barnþorpinu. Þegar flísarnar voru lagðar á kirkjugólfið var sérstök vígsluathöfn haldin. Tvö önnur hús fyrir börnin voru opnuð formlega í september. Þessi hús voru reist með stuðningi útibúa Alþjóðlegu barnahjálparinnar, ICC, í Hollandi og Sviss. Þá hafa Hollendingar aflað nægs fjármagns til hefja byggingu á níunda húsinu í barnþorpinu. Vegna þess hve þörfin er mikil í þessu landi og hversu mörg börn eru í umsjón Alþjóðlegu barnahjálparinnar, þurfa enn sum barnanna að deila rúmi með öðrum, ýmist 2 eða 3 saman. Byrjað er að byggja gagnfræðiskóla. Börnin eru að vaxa úr grasi og þörfin fyrir slíkan skóla er mikil í barnþorpinu. Ríkisstjórnin í Kongó er að ýta á okkur að ljúka við byggingu skólans, en við getum aðeins byggt eins hratt og fjárframlög berast til þessa verkefnis. Stjórnmalastaðan í Kongó er stöðug í augnablikinu. Yfirmenn Alþjóðlegu barnahjálparinnar á heimsvísu, hjónin Rick og Sharon Fleck, gátu heimsótt barnþorpið nýlega og sögðu börnin glöð og heilbrigð þrátt fyrir það sem þau hafa mátt þola.

## **ICC í Rúmeníu**



### **Í Rúmeníu eru 28 börn**

Eftir að skipti urðu á fósturforeldrum í barnþorpinu 2008 reyndist erfitt að finna jafngóða aðila til að sinna börnunum. Það tókst hins vegar á árinu og erum við mjög glöð að segja frá því að nú eru komnir foreldrar og frænkur á öll 3 heimilin.

Á árinu var vinnu við brauðgerðina haldið áfram, mikið til af sjálfbóðaliðum. Draumurinn er að brauðgerðin, muni þegar hún kemur í notkun, afla barnþorpinu aukatekna sem það þarfnast svo sárlega. Síðasta sumar og haust var uppskeran úr görðum barnþorpsins og gróðurhúsi næg til að uppfylla þarfir barnanna í þorpinu. Í desember hélt kór barnanna í barnþorpinu í Rúmeníu stórtónleika ásamt fleiri þarlendum kórum og tónlistarmönnum í höfuðborg landsins Búkarest til styrktar reksturs barnþorpsins.

### 3. Ársskýrsla 2009

Hér má sjá með hvaða hætti tekjur Alþjóðlegu barnahjálparinnar komu inn árið 2009 og hvernig þeim var skipt á milli verkefna okkar í Kongó og Rúmeníu. Alls söfnuðust 1.150.971 kr. Almennur rekstrarkostnaður var 16.351 kr. Inn í þann flokk teljast þjónustugjöld til viðskiptabanka okkar og kaup á frímerkjum, umslögum og pappír.



\*Féð sem ekki er sérmerkt ákveðnu verkefni safnaðist í nóvember og desember 2009 og mun það renna til verkefnanna í Kongó og Rúmeníu en hlutfallið er ekki enn ljóst og fer eftir þörfinni í þessum barnþorpum þegar þessi fjárupphæð verður flutt á reikning þessara þorpa í næstu áætluðu peningasendingu.